



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/592
komudagur 6.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987 um vörugjald, lögum nr. 50/1988 um VSK og lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki (416. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að lækka álögur á matvæli.

Viðleitni stjórnvalda til að minnka álögur á einstaklinga eru tímabærar og fagnaðarverðar. Viðskiptaráð fagnar því frumvarpi þessu og tekur heilshugar undir þau markmið sem það stefnir að. Breytingarnar eru þó ekki hnökralausar og því leggur Viðskiptaráð til að tvær breytingar verði gerðar á því.

Afnám vörugjalds af flestum matvælum

Með 1. gr. frumvarpsins eru vörugjöld numin af matvælum öðrum en sykri, sætindum, ýmsu súkkulaði og sérstökum tegundum af sýrópi. Ekki er útskýrt í greinargerð af hverju þessir vöruflokkar eru undanskildir afnámi vörugjalda. Vætanlega er ætlunin að halda uppi einhvers konar neyslustýringu með því að hafa óhollari matvæli dýrari en ella. Viðskiptaráð hafnar alfarið að skattkerfið sé notað til neyslustýringar enda er tilgangur skatta aðeins að afla ríkinu tekna. Neyslustýring sem þessi er til þess fallin að flækja kerfið og gera það óhagkvæmara sem dregur þannig úr virkni skattkerfisins sem tekjuöflunarkerfi.

Þetta leiðir einnig til þess að skattlagning verði þversagnakennd og ekki nægjanlega samkvæm sjálfri sér. Þannig er ekki hægt að sjá hvers vegna aðeins sumt sýróp verður fyrir barðinu á vörugjöldum en ekki annað og hvers vegna ýmis önnur óholl og óþörf matvæli eru undanþegin þeim, eins og gosdrykkir. Meginreglan hlýtur að vera að skatttaka sé sem einföldust og að sérstök rök þurfi að leiða til þess að hún sé flækt með því að t.d. sérstakar tegundir ákveðinna vara þurfi að sæta aukinni skattlagningu. Ekki verður séð að nein rök leiði til þess að greiða þurfi t.d. vörugjöld af súkkulaði en ekki gosdrykkjum.

Álögur á áfengi

Frumvarpið gerir ráð fyrir að virðisaukaskattur á áfengi verði lækkuð með öðrum matvælum en að áfengisgjöld verði hækkuð á móti. Fjármálaráðherra sagði hinsvegar þegar hann mælti fyrir frumvarpinu: „Ég vildi því með fullri virðingu fyrir



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Íslenskt Efnahags- og Viðskiptanefnd leggja til að nefndin frestaði því að taka afstöðu til greina um að lækka virðisaukaskattinn á áfengi og hins vegar að hækka áfengisgjald." Umsögn þessi gerir ráð fyrir að nefndin fari að þeim tilmælum.

Það sama gildir um áfengi og að ofan greinir um sýróp o.fl. Hér er um matvæli að ræða sem telst til almennrar neysluvöru sem þorri fullorðinna landsmanna neytir reglulega. Viðskiptaráð sér því ekki ástæðu til þess að hærri virðisaukaskattur verði innheimtur af áfengi heldur en öðrum matvælum.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er sagt að breytingar séu m.a. gerðar til hagsbóta fyrir veitingaþjónustu. Álögur ríkisins á áfengi herlendis eru líklega með því hæsta sem gerist í heiminum. Hátt áfengisverð hér stendur veitingastarfsemi og ferðaþjónustu hér fyrir þrífum. Háar álögur af þessu tagi leiða einnig til óæskilegra neyslumynstra og ýta undir ólöglega framleiðslu á áfengi og ólögmetan innflutning þess. Það er því enginn ástæða til að skilja áfengi frá öðrum neysluvörum með því að lækka ekki virðisaukaskatt af því.

Í ljósi þess sem að framan greinir eru breytingartillögur Viðskiptaráðs því svofelldar

1. Öll matvæli verði undanþegin vörugjaldi
2. VSK af áfengi verði einnig lækkaður

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs